

# Eystrahorn

26. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 11. ágúst 2022

www.eystrahorn.is

## Líflegt sumar hjá Golfklúbbi Hornafjarðar



Karlasveit GHH

Mótahald hjá Golfklúbbi Hornafjarðar hefur verið fjögurt það sem af er sumri, fjöldi móta hefur verið haldinn og margir keppendur hafa tekið þátt sem er sérstaklega ánægjulegt. Í júlí var haldið golfnámskeið og golfmót fyrir börn sem um 30 börn sóttu undir handleiðslu þeirra Steinars Kristjánssonar og Sindra Ragnarssonar. Sérstaklega vel heppnað og gaman að sjá áhugann hjá börnunum aukast eftir námskeiðið.

Kvennagolfið er alltaf á sínum stað á þriðjudögum en veðurguðirnir hafa ekki verið hliðhollir golfkonum það sem af er sumri og hefur það haft áhrif á mætinguna. Nýjar konur eru ávallt boðnar velkomnar og reyndari goflarar eru boðnir og búnir að aðstoða nýliða við fyrstu skrefin í þróttinni.

Karlasveit GHH fór í Sveitakeppni Austurlands sem haldin var á Byggðarholtsvelli á Eskifirði í lok júlí og sigraði í þeirri keppni með glæsibrag sem gefur þeim titilinn Austurlandsmeistarar í golfi. Í sveitinni voru þeir Halldór Sævar Birgisson, Óli Kristján Benediktsson, Halldór Steinar Kristjánsson, Jón Guðni Sigurðsson, Kristinn Justiniano Snjólfsón, Stefán Viðar Sigtryggsson og Sindri Ragnarsson. Þeir sigruðu í öllum sínum leikjum örugglega nema einn þar sem var jafntefli.

Á sama tíma sendi GHH kvennasveit til keppni í Íslandsmóti í

2. deild kvenna í fyrsta skipti. Sveitina skipuðu Jóna Benný Kristjánsdóttir, Bergþóra Ólafía Ágústsdóttir, Lilja Rós Aðalsteinsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir og Ólöf Þórhalla Magnúsdóttir. Liðsstjóri var Anna Eyrún Halldórsdóttir. Liðið náði þeim frábæra árangri að lenda í 7. sæti eftir högggleikinn svo þær komust áfram í holukeppni um 5. – 8. sætið. Það var ekki síst frábærri spilamennsku Bergþóru Ólafíu Ágústsdóttur að þakka að liðið komst áfram en hún lék seinni daginn í holukeppni á 83 höggum. Liðið tapaði því miður báðum leikjum í holukeppninni en það munaði sáralitlu að jafntefli næðist í leik um 7. sætið, en það má segja að liðið hafi svo sannarlega komið reynslunni ríkari heim frá mótinu.

Úrslit í mótum GHH það sem af er sumri eru eftirfarandi:

**Snærisleikur Góu** var haldinn 22. maí og voru Kristinn Justiniano Snjólfsón og Gestur Halldórsson jafnir í 1. sæti með 33 högg. Sævar Knútur Hannesson var í 3. sæti með 34 högg.

**Minningarmót Gunnars Hersis Benediktssonar** var haldið 10. júní og var Óli Kristján Benediktsson í 1. sæti í högggleik með 35 högg. Í punktkeppni sigraði Hreiðar Bragi Valgeirsson með 22 punkta. Í 2. sæti var Stefán Viðar Sigtryggsson með 21 punkt og Júlíus Freyr Valgeirsson var í 3. sæti með 19 punkta.



Kvennasveit GHH

**Opna Skinneyjar-Pinganesmótið** var haldið um Humarhátíð og var Óli Kristján Benediktsson hlutskarpastur með 81 högg. Í punktkeppni karla var Sindri Ragnarsson í fyrsta sæti með 33 punkta í öðru sæti var Marteinn Óli Skarphéðinsson einnig með 33 punkta og varð Sævar Knútur Hannesson í þriðjasæti með 32 punkta. Í punktkeppni kvenna var Jóna Benný Kristjánsdóttir í 1. sæti með 34 punkta, Anna Eyrún Halldórsdóttir í 2. sæti með 33 punkta og Margrét Vera Knútsdóttir í því þriðja með 31 punkt. Veitt voru Nándarverðlaun á þar 3 brautum á vellinum og þau hlutu Halldór Steinar Kristjánsson, Jón Guðni Sigurðsson og Sindri Ragnarsson.

**Meistaramót GHH** var haldið 8. - 10. júlí og urðu þau Halldór Sævar Birgisson og Jóna Benný Kristjánsdóttir klúbbmeistarar GHH. Keppt er í nokkrum flokkum og það er vægt til orða tekið að lokadagurinn hafi verið spennandi þar sem áhugasamir gátu fylgst með skori kylfinga í beinni útsendingu í golfboxinu og í Skálanum. Úrslit í mótinu voru eftirfarandi:

**Meistaraflokkur karla:**

1. Halldór Sævar Birgisson með 228 högg
2. Óli Kristján Benediktsson með 231 högg
3. Halldór Steinar Kristjánsson með 233 högg

**Meistaraflokkur kvenna:**

1. Jóna Benný Kristjánsdóttir með 202 högg
2. Ólöf Þórhalla Magnúsdóttir með 208 högg

**1. flokkur karla:**

1. Haraldur Jónsson með 180 högg (sigur e. bráðabana)
2. Sindri Ragnarsson með 180 högg
3. Finnur Ingi Jónsson með 189 högg

**1. flokkur kvenna:**

1. Jóna Margrét Jóhannesdóttir 217 högg
2. Alma Þórisdóttir 223 högg
3. Erla Þórhallsdóttir 236 högg

**Heldri manna flokkur:**

1. Gestur Halldórsson 161 högg
2. Gísli Páll Björnsson 185 högg
3. Grétar Vilbergsson 218 högg

**Húsasmiðjumótið** var haldið þann 17. júlí og í karlaflokki í punktkeppni varð Gísli Kristján Birgisson í 1. sæti með 40 punkta. Í 2. sæti var Kristinn Justiniano Snjólfsón með 39 punkta og Gestur Halldórsson var þriðji með 39 punkta. Í kvennaflokki var Jóna Benný í fyrsta sæti með 37 punkta og í 2. sæti var Þórgunnur Torfadóttir með 36 punkta og Lilja Rós Aðalsteinsdóttir var þriðja með 35 punkta. Nándarverðlaun á þar 3 brautum hlutu þau Gestur Halldórsson, Óli Kristján Benediktsson og Jóna Benný Kristjánsdóttir.

...framhald á næstu síðu



## Þakkir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

### Sigríðar Helgu Axelsdóttur

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Skjólgarðs fyrir frábæra umönnun.

*Ragnhildur Jónsdóttir, Axel Jónsson, Sveinbjörg Jónsdóttir og fjölskyldur*



**Landsbankamótið** fór fram 6. ágúst síðastliðin.

Sigurvegarar í högguleik í karla- og kvennaflokki voru Halldór Steinar Kristjánsson með 73 högg og Jóna Benný Kristjánsdóttir með 82 högg. Í punktakeppni karla sigraði Óðinn Gunnarsson með 38 punkta. Ásgrímur Ingólfsson var í 2. sæti með 37 punkta og í 3. sæti var Aðalsteinn Ingólfsson með 36 punkta. Í kvennaflokki sigraði Katrín Gísladóttir með 38 punkta. Erla Þórhallsdóttir varð í öðru sæti með 34 punkta og í 3. sæti varð Lilja Rós Aðalsteinsdóttir með 33 punkta.

Sérstaklega skemmtileg mót eru í gangi núna sem ná yfir allt sumarið, mótarið Medial og Prósjoppunnar og Holukeppni GHH. Nú er að koma að 8 manna úrslitum í holukeppninni þar sem hart verður barist um að komast áfram og verður áfram skemmtilegt að fylgjast með þeirri keppni. Mótariðin er rúmlega hálfnuð og er spennandi síðari hluti framundan en í dag leiðir Björn Sigfinnsson forgjafarflokk 20+ með 85 punkta og Guðjón Björnsson leiðir forgjafarflokk undir 20 með 92 punkta.

Þá er gaman að segja frá því að Halldór Sævar Birgisson tók þátt í Evrópumóti eldri kylfinga í Eistlandi 9. – 11. júní sl. og var sínum klúbbi til sóma eins og hans var von og vísa.

Núna um helgina verður Íslandsmót í 5. deild karla haldið á Silfurnesvelli. Okkar menn í karlasveit GHH mæta þar til leiks og verður gríðarlega gaman að fylgjast með þeim um helgina. Sveitina skipa Halldór Sævar Birgisson, Óli Kristján Benediktsson, Halldór Steinar Kristjánsson, Jón Guðni Sigurðsson og Kristinn Justiniano Snjólfsson. Liðsstjóri er Sindri Ragnarsson. Við hvetjum alla áhugasama að kíkja við í golfskálanum og fylgjast með þeim en keppni hefst á föstudagsmorgun og henni lýkur á sunnudag. Þá verður Sveitakeppni Austurlands haldin í fyrsta skipti í kvennaflokkum á Silfurnesvelli helgina 10. – 11. september nk. Nánar verður sagt frá þeirri keppni þegar nær dregur, en það má sannarlega segja að það sé nóg um að vera hjá GHH og sérstaklega skemmtilegt hversu ötulir félagsmenn eru að taka þátt í starfinu.

*Mótanefnd GHH*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



HEILSUMFÉLAGIÐ  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
væðing fyrir alla

## Útbær, breyting á deiliskipulagi á Höfn

Bæjarráð Hornafjarðar samþykkti þann 21. júlí 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hafnar, Útbærjar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna fyrirhugaðrar hótélbyggingar.

Í breytingunni felst m.a. að lóðir C, G, H, D, E og F eru sameinaðar í eina lóð, lóð C-F. Byggingarmagn eykst um 4.831 m<sup>2</sup> og hámarkshæð hækkar úr 9,5 m í 12 m. Byggðin hækkar úr 2 hæðum í 3 hæðir og bundin byggingarlína við Óslandsveg fellur niður. Settir eru nýir sérskilmálar fyrir svæðið sem breytingum tekur.

Áfram verður haldið í markmið núverandi deiliskipulags um að skilgreina ramma um heilsteypa byggð sem nýti kosti umhverfisins og styrki bæjarmynd Hafnar. Lögð er áhersla á að ný bygging og sú þjónustustarfsemi sem henni fylgir skapi sér sérstöðu, hafi jákvæð áhrif á samfélagið og verði í góðu samspili við nærumhverfi sitt.

Tillagan verður til sýnis frá og með 12. ágúst til 23. september 2022 í anddyri Ráðhúss Hafnarbraut 28, 780 Höfn og er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) undir: Skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eða vilja gera athugasemdir er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunina til 23. september 2022. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á netfangið [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is)

*Brynja Dögg Ingólfssdóttir*  
Umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

Hin árlega flugeldasýning Björgunarfélags Hornafjarðar að Jökulsárlóni verður haldin laugardaginn 13. ágúst næstkomandi klukkan 22:30 að Jökulsárlóni

Forsala miða hefst fimmtudaginn 11. ágúst á eftirfarandi stöðum:

- Hótel Skaftafell
- Jökulsárlón ferðaþjónusta
- N1 Höfn
- Olís Höfn

Miðaverð 1.500 kr.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Profarkalestur: Guðlaug Hestnes  
Umbrot: Tjörvi Óskarsson  
Prentun: Litlapprent  
ISSN 1670-4126



# Römpum upp Ísland á Höfn



Sigurjón Andrússon bæjarstjóri ásamt Ægi Þór við athöfnina. Ægir Þór fékk þann heiður að prófa nýja rampinn

Þann 9. júní samþykkti bæjarráð að veita verkefninu Römpum upp Ísland 400.000 kr styrk, en verkefnið er átaksverkefni sem felst í að setja rampa fyrir hjólastóla á 1.000 staði á Íslandi. Tilgangur verkefnisins er að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum á Íslandi. Haraldur Þorleifsson, stjórnandi hjá Twitter og stofnandi hönnunarfyrirtækisins Ueno, er hvatamaður verkefnisins.

Fyrstu vikurnar í júlímánuði fóru starfsmenn sveitarfélagsins og mældu fyrirtæk eftir stöðluðum verkferlum verkefnisins og völdu sex fyrirtæki. Starfsmenn verkefnisins Römpum upp Ísland voru svo á Höfn upp úr miðjum júlí og settu upp rampa við þessi fyrirtæki. Svo heppilega vill til að áttugasti rampur verkefnisins var settur upp við veitingastaðnum Úps.

Að því tilefni var hátíðleg athöfn við fyrirtækið Úps þann 21. júlí, þar sem Sigurjón Andrússon bæjarstjóri flutti erindi og Ægir Þór Sævarsson klippti á borða og vígði rampinn, Björg Blöndal og Þorkell Ragnar Grétarsson fluttu fallett tónlistaratriði.



## Frumherji

### Bifreiðaskoðun á Höfn

15., 16. og 17. ágúst.

Tímamantanir í síma 570-9090

fyrir kl. 16:00 föstudaginn 12. ágúst.

Næsta skoðun 19., 20. og 21. september.

## Frumherji

*Þegar vel er skoðað*



Skinney - Þinganes hf  
óskar eftir að ráða starfsmenn í  
fiskvinnslustörf í fiskiðjuveri  
fyrirtækisins í Krossey, Höfn.

Umsóknir og fyrirspurnir berast til Gunnars  
Ásgeirssonar vinnslustjóra, [gunnaras@sth.is](mailto:gunnaras@sth.is)  
eða í síma 867-2224

Skinney - Þinganes hf  
is searching for employees to work in  
the fishing factory in Krossey, Höfn.

For applications and further information  
please contact Gunnar Ásgeirsson plant  
manager, [gunnaras@sth.is](mailto:gunnaras@sth.is)  
or by telephone 867-2224



Skinney - Þinganes hf  
óskar eftir að ráða starfsmenn í þrif.  
Vinnutími á kvöldin og um helgar.

Umsóknir og fyrirspurnir berast til Gunnars  
Ásgeirssonar vinnslustjóra, [gunnaras@sth.is](mailto:gunnaras@sth.is)  
eða í síma 867-2224

Skinney - Þinganes hf  
is searching for employees to work in  
cleaning at the fishing factory in  
Krossey, Höfn. Working hours are  
mainly in evenings.

For applications and further information  
please contact Gunnar Ásgeirsson plant  
manager, [gunnaras@sth.is](mailto:gunnaras@sth.is)  
or by telephone 867-2224

# Við leitum að afgangslufólki á Höfn

## Framtíðarstörf fyrir traust starfsfólk

Lífsreynsla, aldur og þroski eru engin fyrirstaða fyrir ráðningu í störf hjá okkur og við hvetjum jafnt ungt fólk sem eldra til að sækja um.

Olís leitar að traustu starfsfólki í framtíðarstarf á þjónustustöðina á Höfn. Í boði eru heilar vaktir (12 tímar) og hálfar (6 tímar) eða styttri vaktir eftir samkomulagi.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Áfyllingar vöru í verslun og vörumóttaka
- Þrif og annað tilfallandi

### Hæfniskröfur:

- Snyrtimennska og reglusemi
- Jákvæðni, dugnaður, þjónustulund og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

**Umsóknir berist á [hofnben@olis.is](mailto:hofnben@olis.is) eða til verslunarstjóra á þjónustustöð Olís Höfn**



Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, uppbyggileg samskipti og fagleg vinnubrögð.

**olis**